

Nd. **360. Frumvarp til laga** [20. mál]
um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum að stærð, en 10 000—20 000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir að stærð, en 2000—10 000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkv. þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.